

"Bölvunin hvíli yfir þeim!" endurtók pilturinn með ákafa, "ég sver að hata þá".

"Gott", sagði rauðhærði maðurinn. "Hvað heitir þú, piltur minn?"

"Morits Sterner", svaraði pilturinn.

"Sternar?" endurtók hinn undrandi. Það er fallegt nafn. Lifir faðir þinn?"

"Það veit ég ekki", svaraði pilturinn, "ég hef aldrei séð hann, en mamma segir, að hann sé dáiinn og ég skuli seinna fá að vita, hver hann hafi verið".

"Humm!" — tautaði maðurinn — "eítir því er hann hjábarn. Fínn höfðingjahrekkurinn líklega".

"Faðir þinn", sagði hann hátt, "hefr þá ekki heitið Sterner?"

"Nei, mamma mín og presturinn, sem kennir mér, hafa valið mér þetta nafn. Þau segja, að ég eigi að nefna mig þannig, því eitthvað verði maður að heita".

"Hve lengi hefirðu gengið undir þessu nafni?"

"Liðugt ár. Áður var ég ávalt kallaður Morits"

"Hvar áttu heima?"

"Utanvert í bænum, sem stendur þarna".

"Og þú og móðir þín eruð einsömul í kofa?"

"Já, við erum mjög fátæk núna, — en við vorum það ekki".

"Þið voruð það ekki? Er langt síðan?"

"Þá höfðum við laglegt hús með matjurtagarði, á að gríзка 2 mílur frá bænum. Þá lék ég mér í garðinum og þá kom til mín kennari, sem sagði mér til. Á kvöldin sat ég við eldinn, steikti epli og borðaði hnetur. Nú er það horfið, nú verð ég að rölta út í skóg og afla eldiviðar fyrir mömmu, sem er orðin veik af hrygð og áhyggjum".

"Af hverju orsakaðist fátækt ykkar?"

"Það veit ég ekki, — mamma segir, að þá hafi faðir minn lifað og borgað leiguna fyrir húsið og